


# LÆSISSTEFNA

Stefna og áherslur í lestrarnámi og kennslu



Grunnskóli Vesturbyggðar  
Maí 2015

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Hlutverk foreldra/forráðamanna og heimila .....	2
Heimalestur - hagnýt ráð .....	2
Læsi - kennsluaðferðir og þjálfun.....	3
Lestraráhugi - yndislestur - lestur bókmennta.....	4
Skólasafnið .....	4
Lestur námsgreina.....	4
Ritun .....	5
Námsmat.....	6
Leiðsagnarmat.....	6
Skilgreiningar á námsmati.....	7
Raddlestrarpróf.....	7
Lesskilningspróf.....	7
Námsmat í lestri í einstökum bekkjum .....	7
Samræmd könnunarpróf.....	7
Skimanir og greiningar .....	8
Skimana- og greiningarpróf.....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Læsi lesskimun .....	9
Nemendur með lesraskanir.....	9
Nemendur með íslensku sem annað mál.....	10
Sérfræðiþjónusta .....	10
Áhugaverðar slóðir og bækur .....	11
Heimildaskrá .....	12

## Inngangur

Í eftirfarandi læsisstefnu er leitast við að setja fram stefnu Grunnskóla Vesturbyggðar um læsi og lestrarkennslu nemenda. Sett eru fram markmið, áherslur og viðmið. Það er samstarfsverkefni allra kennara skólans og foreldra og forráðamanna að nemendur verði vel læsir. Læsi tekur til allrar skólagöngu nemenda og við þjálfun í lestri bætist við æfing í lesskilningi, þjálfun við að afla sér upplýsinga gegnum alla miðla og nýta þær í lífi og starfi. Í þessari læsisstefnu koma fram upplýsingar um þau greinandi próf sem lögð eru fyrir nemendur í gegnum skólagönguna og hvernig niðurstöður eru metnar. Einnig er gerð grein fyrir því til hvaða ráðstafana er gripið til að efla læsi nemenda eins mikið og kostur er miðað við stöðu og getu hvers og eins. Læsisstefnan er lifandi vinnuskjal sem er í stöðugri endurskoðun og endurmati.

## Hlutverk foreldra/forráðamanna og heimila

Stuðningur foreldra við lestrarnám barna getur haft mikil áhrif á hversu farsælt það verður. Það sem vegur þyngst er reglulegur heimalestur, rík málræn samskipti og lestrarhvetjandi umhverfi.

### Heimalestur - hagnýt ráð

Í Grunnskóla Vesturbyggðar er lögð áhersla á að börn lesi heima daglega sé þess kostur. Jafnvel þótt börn lesi daglega í skólanum er það ekki í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að þau fái nægilega þjálfun. Þá er heimalestur afar mikilvægur. Börn sem ná fljótt tökum á lestri fara fljótlega að lesa af sjálfsdáðum og þeim fer oftast mjög hratt fram. Þá er mikilvægt að fylgjast með að þjálfun falli ekki niður sem og að fylgjast með að bókakostur sé við hæfi. Börn sem eiga í erfiðleikum með að lesa þurfa mikla hvatningu og aðstoð (Helga Sigurmundsdóttir, 2008).

Á Lesvefnum ([www.lesvefurinn.hi.is](http://www.lesvefurinn.hi.is)) má finna eftirfarandi atriði til að efla lestrarfærni barna.

- Reynið að skapa reglu og gott andrúmsloft í kringum heimalesturinn strax í upphafi skólans þannig að lesturinn geti orðið ánægjuleg samverustund.
- Skoðið bókina með barninu og beinið athygli þess að umgjörð bókarinnar, heiti hennar, myndum, sögupersónum o.fl. til að komast inn í efni sögunnar og vekja áhuga á því.
- Látið barnið fylgja línnum eftir með fingri um leið og það les.
- Rifjið upp stafi og hljóð sem barnið hikar við og fylgist með að það þekki örugglega alla stafina því það er grunnur að góðri lestækni.
- Gott er að spyrja leiðandi spurninga til að fá barnið til að giska á innihald sögunnar og tjá sig um það t.d. um atburði, framvindu, fyrirætlan, hugarástand og líðan sögupersónanna.
- Fáid barnið til að segja frá efni sögunnar, ræðið efni textans og látið reyna á ályktunarhæfni þess.
- Hrósið barninu fyrir það sem gengur vel til að uppörva það og hvetja.
- Reynið að vera þolinmóð og jákvæð og láta barnið ekki heyra ef þið eruð áhyggjufull, talið við kennara ef lestrarnámið gengur ekki nægilega vel.

(Helga Sigurmundsdóttir, 2008)

## Læsi - kennsluaðferðir og þjálfun

Markvissri kennslu í læsi má segja að ljúki aldrei formlega en leitast er við að þjálfna nemendur í lestri, mál- og lesskilningi, tjáningu og læsi í víðasta skilningi þess orðs. Hér á eftir er tafla yfir þær áherslur sem lagt er á í lestri á hverju stigi fyrir sig.

Lestrarkennsluaðferðir, lestrarþjálfun	1.-2. bekkur	3.-4. bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur
Þjálfun hljóðkerfisvitundar				
Unnið með þulur, vísur, söng og rím				
Stafainnlögn				
Hljóðaaðferð				
Sundurgreinandi aðferð				
Heildaraðferð, orðaaðferð				
Hermilestur				
Upplstur fyrir kennara				
Lestrarþjálfun heima				
Lestrarþjálfun í námsforritum				
Paralestur PALS <sup>1</sup>				
Upplstur, framsögn				
Leiklestur, framsögn				
Leitarlestur <sup>2</sup>				
Lestur myndrita , korta o.þ.h.				
Lestur ólíkra textagerða				
Framsagnarþjálfun				
Skimunarlestur, yfirlitslestur <sup>3</sup>				
Frjálslestur, í skóla og heima, yndislestur				

Mál- og lesskilningur, kennsluaðferðir og þjálfun	1.-2. bekkur	3.-4. bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur
Kennari les upp gæðatexta (bókmenntir, fræðitexta), nemendur hlusta og rætt er um efni hans				
Samlestur í hópum og umræður um textann				
Merkingar orða leitað út frá samhengi í texta				
Kennd merking og notkun nýrra orða, orðasambanda og hugtaka				
Kennsla orðaforða í gegn um umræður og lestur fjölbreytts texta s.s. bókmennta, námsgreina, dagblaða og tímarita				
Kenndur lestur stærðfræðitákna og skilningur á þeim þjálfaður				

<sup>1</sup> PALS – Peer assisted learning strategies.

<sup>2</sup> Lesandi fer hratt yfir texta í leit að sérstöku atriði eða efni.

<sup>3</sup> Yfirlitslestur er lesinn með hraða, nemandinn nær heildarmynd kaflans, yfirliti yfir aðalatriðin.

Sjálfstæð vinna skv. skriflegum fyrirmælum				
Munnleg og skrifleg lesskilningsverkefni				
Munnleg og skrifleg úrvinnsla texta af ýmsu tagi				
Svara leitað í texta af ólíkri gerð				
Unnið að lausn orðadæma, gátna og þrauta				
Gagnvirkur lestur <sup>4</sup>				
Unnið með vísur og ljóð				
Kennsla bókmenntahugtaka				
Myndræn útfærsla á lestexta				
Glósuvinna nemenda, útskýring orða og hugtaka				
Útdrættir úr texta				
Munnlegar frásagnir og endursagnir				
Hópumræður, málfundir, þjálfun í rökstuðningi				
Leikræn tjáning				

## Lestraráhugi - yndislestur - lestur bókmennta

### Skólasafnið

Í Grunnskóla Vesturbyggðar eru ekki eiginleg skólasöfn heldur er héraðsbókasafnið í skólahúsinu í Patreksskóla og er safnið opið á morgnana eingöngu fyrir nemendur skólans og sér einn kennari skólans um þá tíma. Allir bekkir hafa ákveðna bókasafnstíma í hverri viku. Bókasafnskennari aðstoðar við val á frjálsum lesefni og gætir þess að allir finni efni við hæfi. Hann kennir nemendum umgengni á bókasafninu og kennir þeim á uppröðunarkerfi safnsins og þjálfar þá í notkun þess. Einnig fá kennarar þar bækur til að lesa fyrir bekkinn sinn. Nemendur í 1. bekk fá í byrjun skólaárs fræðslu um safnið og upplýsingar um hvernig þeir geta nýtt sér það. Aðrar deildir skólans hafa einnig aðgang að bókasafni.

Starfsemi bókasafns er mjög mikilvæg fyrir alla skóla til að viðhalda áhuga nemenda á lestri og að allir nemendur hafi greiðan aðgang að fjölbreyttu lesefni. Safnið tekur þátt í Norrænu bókasafnavíkunni á hverju hausti. Þá fá allir þátttakendur fyrirfram valið lesefni sem allir lesa/hlusta á í ákveðinni viku.

### Lestur námsgreina

Þegar nemendur hafa tileinkað sér nokkra færni í lestri fara þeir að nýta hana til upplýsingalesturs meðal annars lestur námsgreina s.s. stærðfræði, bókmenntir, ljóð, samfélagsfræði, náttúrufræði og tungumál. Í tengslum við lestur námsgreina og upplýsingaöflun á að kynna nemendum mismunandi textagerðir. Áriðandi er að kenna nemendum margar aðferðir við að nálgast texta og má þar nefna leitarlestur (leitað eftir ákv. atriðum í texta), yfirlitslestur og skimun lesefnis (lesið hratt yfir og innihald textans meðtekið í grófum dráttum). Gegnum lestur námsgreina eflist orðaforði nemenda bæði almennt og að því er snýr að hverju fagi fyrir sig. Til að efla orðaforða og þ j á l f a rétta notkun hans

<sup>4</sup> Samband lesanda við texta og hvernig hann getur náð þeirri merkingu sem í textanum er fólgin.

eiga kennarar að skapa tækifæri til samræðna um faggreinatengt efni þar sem nemendur vinna fjölbreytt verkefni. Mikilvægt er að vinna með íslensku sé ávallt lifandi og gædd fróðleiksþorsta þar sem reynt er að efla áhuga nemenda á skrýtnum, nýjum eða skemmtilegum orðum og merking þeirra og notkun rædd. Foreldrar nemenda eru hvattir til að lesa með börnum sínum námsefni í sem flestum námsgreinum og ræða við þá um það sem til umfjöllunar er í námsbókum eða viðfangsefnum hverju sinni.

Lestur námsgreina, kennsluaðferðir og þjálfun	1.-2. bekkur	3.-4. bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur
Samlestur				
Upplstur kennara				
Umræður				
Hugtök og orð sem tengjast námsgrein kennd				
Gagnvirkur lestur				
Unnið að lausn orðadæma, gátna og þrauta				
Svara leitað í texta, leitarlestur				
Verkefni sem reyna á orðaforða og hugtakaskilning unnin				
Kynningar nemenda á lesefni, munnlega, veggspjöld, skjá-kynningar				
Skrifleg próf úr námsefni				
Lestur myndrita og upplýsingaleit úr þeim kennd				
Yfirlitslestur kenndur				
Upplýsingaöflun á neti, heimildaleit kennd				
Upplýsingaefni í bókum, heimildaleit kennd				
Notkun orðabóka kennd				
Notkun leitarsíðna kennd s.s. Orðabók Háskólans, Vísindavefurinn og Google				
Þjálfun í gagnrýnni notkun á upplýsingasíðum á neti				

## Ritun

Ritun, kennsluaðferðir og þjálfun	1.-2. bekkur	3.-4. bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur
Rétt grip um skriffærið þjálfað				
Stafdráttur kenndur, ítölsk skrift				
Skriftaræfingar				
Umskráning kennd, hljóðaaðferð, orð				
Uppbygging setninga kennd				
Greinamerkjasetning				
Málfræði- og stafsetningakennsla				
Ýmis ritunarverkefni unnin				
Fingrasetning á lyklaborð æfð				
Kennt á ritvinnsluforrit				

Ritun í heimavinnu				
Myndasögur út frá texta				
Ljóðagerð				
Hugarkort (mind map)				
Kennd uppbygging sögu				
Ritunarrámmar nýttir og notkun þeirra kennd				
Mismunandi textaskrif kennd: Smásögur, ævintýri, ljóð, blaðgreinar, leikrit, samtöl				
Frjáls textaskrif				
Bókmenntaritgerðir				
Heimildaritgerðir, tengdar námsgreinum				
Endursagnir				
Útdrættir				
Röksemdafærsluritun				
Stílfærsluritgerð (nemendur setja sig inn í mismunandi aðstæður)				
Gagnrýni				

## Námsmat

Reglubundinn og órjúfanlegur þáttur í skólastarfi er mat á hæfni og framförum nemenda með þann tilgang að leiðarljósi að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á að námsmatsaðferðir séu fjölbreyttar og áreiðanlegar (2013:28). Í Grunnskóla Vesturbyggðar reyna kennarar að gera nemendum ljós markmið námsins og að alltaf sé samræmi á milli markmiða, náms- og kennsluhátta og aðferða við námsmat.

Stefnt er að því að nemendur nái tökum á:

- Góðum og öruggum leshraða (sbr. viðmið hér að neðan).
- Sveigjanlegu lestrarlagi og fluglæsi.
- Skýrri og góðri framsögn.
- 80 -100% lesskilningi úr aldursvarandi texta (Orðarún 3.-10. bekk).
- Færni til að tjá sig skýrt á fjölbreyttan hátt, bæði í töluðu og rituðu máli.

## Leiðsagnarmat

Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og til hvers er ætlast af þeim

Leiðsagnarmat miðast við að meta framfarir nemenda í náminu í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu.

Niðurstöður leiðsagnarmats eru sjaldnast notaðar við einkunnagjöf þar sem tilgangur leiðsagnarmats er að hjálpa nemendum til að bæta sig í námi (Erna I. Pálsdóttir, 2011).

Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þar sem nemendur í samráði við kennara velta reglulega fyrir sér námi sínu til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu. Megintilgangur námsmats í íslensku er að kanna stöðu

nemenda, nota niðurstöður til að leiðbeina þeim um námið og laga kennslu að þörfum þeirra (Aðalnámskrá Grunnskóla: 2013)

## Skilgreiningar á námsmati

Skrifleg eða munnleg próf eru lögð fyrir við annarlok eða þegar meta þarf hvernig nemendur hafa tileinkað sér ákveðna kunnáttu eða færni sem kennd hefur verið enda símat allan veturinn. Einnig eftir áttak í vissri þjálfun eins og t.d. leshraða eða lesskilningi. Lestrarfærni er prófuð með þeim hætti að metinn er leshraði, nákvæmni og skilningur. Hefðbundin lestrarpróf eru raddlestrarpróf, framsagnarpróf og lesskilnings-próf en símat er alltaf í gangi allan veturinn.

## Raddlestrarpróf

Markmið með raddlestrarprófi er að meta hversu hratt og nákvæmt nemandi getur lesið upphátt, hvort hann tekur eðlilegum framförum og hvar hann stendur miðað við viðmið skólans fyrir viðkomandi árgang. Lestrarnákvæmni telst viðunandi ef villur eru undir 3% af lesna textanum. Í niðurstöðum prófanna kemur fram hversu mörg atkvæði nemandi les á mínútu og hversu nákvæmt hann les og út frá því er reiknuð einkunn samkvæmt einkunnaskala.

Viðmið sem stefnt er að varðandi leshraða að vori, lesin atkvæði á mínútu/einkunn:

Bekkur	Atkvæði á mínútu	Einkunn
1.bekkur	40 atkvæði/mín	2,5
2.bekkur	95 atkvæði/mín	4,5
3.bekkur	140 atkvæði/mín	6,0
4.bekkur	170 atkvæði/mín	7,0
5.bekkur	200 atkvæði/mín	8,0
6.bekkur	Yfir 250 atkvæði/mín	8,5
7. – 10.bekkur	250 atkv/framsagnarpróf	9,0+ fluglæs

Ef nemandi nær ekki viðmiði bekkjarins er gripið til sérstakra ráðstafana eins og til dæmis öflugur heimalestur, bæta við lestartímum, fjölbreytt lesefni, aukinn upplestur og gerð áætlun til skamms tíma þar sem nemandi er prófaður aftur í lokin eða þar til hann hefur náð viðmiðinu.

## Lesskilningspróf

Í lesskilningsprófum, eins og *Orðarún*, lesa nemendur texta og er skilningur þeirra á efni textans prófaður með spurningum. Fyrir skólabyrjun fara allir 6 ára nemendur í leikskólum Vesturbyggðar (Araklettur og Tjarnarbrekka) í málþroskaprófið Hljóm-2 að vori. Eftir það er skilafundur frá leikskóla með sérkennara og tilvonandi umsjónarkennara 1. bekkjar þar sem farið er yfir niðurstöður.

## Námsmat í lestri í einstökum bekkjum

### Samræmd könnunarpróf

- **4. bekkur:** Íslenska; hlustunar- og lesskilningur og ritun
- **7. bekkur:** Íslenska; lesskilningur og ritun



- **10. bekkur:** Íslenska; lesskilningur og ritun

Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir helstu próf og annað námsmat:

Námsmat	1.-2. b.	3.-4. b.	5.-7. b.	8.-10. b.
Stafakönnun, heiti stafa og hljóð	1. b.			
Yfirlitspróf í lestri/skrift fyrir 1. bekkur <sup>5</sup>	1. b.			
Leshraðapróf- upplestur, við annarlok				
Framsagnarpróf, lestrarlag - upplestur				
Lesskilningspróf úr ólíkum textagerðum við annarlok				
Skrift - verkefni / símat				
Stafsetning - verkefni/símat				
Ritun - verkefni / símat				
Verkefnavinna metin - símat				
Samvinnuverkefni metin - símat				
Sjálfsmat nemenda				

## Skimanir og greiningar

Skimanir og greiningar auðvelda könnun á tilteknum þáttum náms og kennslu þar sem hægt er að nota niðurstöður til að veita nemendum leiðsögn og kennslu við hæfi. Stöðluð próf, t.d. lestrarpróf, lesskimunarpróf og málþroskapróf, sem spá fyrir um hugsanlega námsörðugleika, staðlaðir spurningalistar og fleiri slík matstæki geta reynst afar gagnleg hjálpartæki til að greina erfiðleika snemma á skólagöngunni og auka líkur á að ráðin verði bót á þeim með skipulegum aðgerðum (Aðalnámskrá grunnskóla: 2011).

Skýr munur er á skimunum og greiningum. **Skimanir** eru lagðar fyrir alla nemendur í bekknum og er fyrir umsjónarkennarann að fá yfirlit yfir stöðu bekkjarins. Í framhaldi af því er þá hægt að **greina** einstaka nemendur sem hafa t.d. ekki komið nógu vel út úr skimunum.

**Greiningar** krefjast fagkunnáttu og yfirleitt sérstaks námskeiðs til að fá réttindi til að leggja þær fyrir. Í GV eru þær ýmist lagðar fyrir af sérkennaranum eða sérfræðingum sem koma að eins og t.d. talmeinafræðingi eða sálfræðingi.

Skimana- og greiningarpróf	1. bekkur	2. bekkur	3.-4. bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur
<i>Tove Krogh</i> teikniverkefni - skimun					
<i>Læsi lestrarskimun</i> 1., 2. og 3. hefti - skimun					
Hraðapróf eftir hverja önn - skimun					

<sup>5</sup> Carlsten. Þýðandi Kristín Aðalsteinsdóttir

Læsi lestrarskimun 1. og 2. hefti - skimun					
Yfirlitspróf í lestri/skrift haust- og vorpróf					
Lesskilningsprófið <i>Orðarún</i> - skimun					
<i>GRP 14h</i> greinandi ritmálspróf - greining					9. bekkur

Fleiri próf eru til og eru notuð ef þurfa þykir eins og t.d. Lestrarhæfnipróf *LH60* og *LH40*. Það er prófefni til að lýsa og meta lestarstöðu og lesþroska barna í 3.-6. bekk. Einnig *Mat á lestrargetu* og *Aston Index* sem eru einstaklingspróf ætluð til að greina vanda enn frekar í 1.-7. bekk. *LOGOS* er greiningartæki til að greina lestrarvanda og lesblindu í 3.–10. bekk. *TOLD-2P* og *TOLD-2I* eru málþroskapróf fyrir 4-8 ára og 8-12 ára. Kennarinn notar niðurstöður til að skipuleggja kennsluna í framhaldi af því.

## Læsi lesskimun

Læsi - lestrarskimun er ætlað að athuga lestrarhæfni nemenda í 1. og 2. bekk. Annars vegar til að finna nemendur sem kunna að vera í áhættuhópi vegna lestarerfiðleika og hins vegar að veita kennurum upplýsingar til að skipuleggja kennslu nemenda. Prófið er þýtt úr norsku og staðfært af Guðmundi B. Kristmundssyni og Þóru Kristinsdóttur og kom út árið 2000. Prófið samanstendur af fimm heftum. Þrjú eru fyrir 1. bekk og tvö fyrir 2. bekk (Lesvefurinn: 2008).

- 1.b. 1.hefti: lagt fyrir lok nóvember
- 1.b. 2.hefti: lagt fyrir í síðustu viku febrúar
- 1.b. 3.hefti: lagt fyrir í byrjun maí
- 2.b. 1.hefti: lagt fyrir í lok nóvember
- 2.b. 2.hefti: seinni partinn í mars

## Nemendur með lesraskanir

Það eru ýmsar ástæður fyrir því að lestur reynist nemendum erfiður. Lestrarörðugleikar stafa einkum af:

- Almennum námserfiðleikum þar sem erfiðleikar í lestrarnáminu eru hluti almenna vandans.
- Sértekum námsörðugleikum þar sem skert sjón, heyrn, hreyfifærni, tal eða aðrir líffræðilegir erfiðleikar eru til staðar.
- Félags- og tilfinningalegum örðugleikum sem trufla við lestrarnámið.
- Dyslexiu (leshömlun). Skert hljóðkerfisvitund er talin vera meginorsök dyslexiu.

Einkenni hennar eru einstaklingsbundin og margþætt. Það sem skilur leshamlað fólk frá öðrum með lesröskun er að vandamál þeirra eru sérstaklega langvarandi og erfitt að vinna bug á þeim. Það tekst þó oft vel með markvissum vinnubrögðum og góðri samvinnu heimilis og skóla.

Lestrarvandi getur tengst erfiðleikum með málskilning, lesskilning og umskráningu. Nemendur sem eiga í vanda með umskráningu og eiga því erfiðara með að ná góðum leshraða, þróa oft með sér lesskilningserfiðleika þegar þeir eldast þar sem þeim hættir til að lesa lítið. Fyrir slíka nemendur skiptir því lestrarþjálfun miklu máli en þeir þurfa gjarnan meiri hvatningu og þjálfun en aðrir nemendur (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010:75-76). Rannsóknir hafa sýnt fram á það að með markvissri kennslu og þjálfun í lesskilningaöferðum er hægt að aðstoða nemendur með lesskilningserfiðleika og gera þá að betri lesendum. Þessi þjálfun þarf að fara fram allan grunnskólann upp í 10. bekk bæði heima og í skólanum.

Allir kennarar eiga samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla að hafa sérstakar þarfir nemenda sinna í huga við skipulagningu kennslunnar og reyna eftir fremsta megni að mæta þörfum hvers og eins. Leita á leiða til að öllum nemendum sé gert kleift **að vinna sem mest í hópi annarra nemenda**. Í því skyni á að:

- Aðlaga læsistengt námsefni að þeirra færni, bæði í skóla og heimavinnu.
- Nýta tölvur við nám og kennslu. Nemendur eiga að fá tækifæri til að þjálfra færni í ákveðnum þáttum í námsforritum og vinna ýmis verkefni á tölvur.
- Nýta hlustunarefni í kennslustofum. Hljóðbækur á að kynna fyrir nemendum og foreldrum þeirra strax á yngsta stigi og hvetja þá til að meta hvort hlustunarefni henti þeim.
- Aðlaga námsmat að þörfum/færni nemenda og bjóða þeim upp á sérstaka aðstoð við próftöku, t.d. með lengdum próftíma, stærra letri á próförk eða munnlegt próf.
- Nemendur sem taka sérútbúið próf fá stjórnumerka einkunn sem þýðir yfirleitt að nemandinn tók annað próf en bekkurinn. Þetta er útskýrt á einkunnablaðinu.

## Nemendur með íslensku sem annað mál

Almennt er stefnt að því að nemendur með íslensku sem annað mál vinni sem mest í hópi íslenskumælandi nemenda. Nemendum sem eru nýkomnir til landsins er þó boðið upp á sérkennslu í íslensku í fámennum hópi enda eiga þeir rétt á því.

Til þess að gera nemendum með íslensku sem annað mál kleift að vinna í hópi annarra nemenda á að **aðlaga læsistengt námsefni** að þeirra færni og nýta **tölvur og hljóðbækur** við nám og kennslu. Leggja á mikla áherslu á lestur þeirra á íslensku í skólanum og hvetja foreldra þeirra til að kenna þeim að **lesa á sínu móðurmáli** eða viðhalda þeirri færni. Skipuleggja á starf **stuðningsfulltrúa** þannig að þeir nýtist vel til aðstoðar nemendum í bekk eftir þörfum og **aðlaga námsmat** að færni nemenda. Auk þess á að bjóða þeim nemendum sem eru nýkomnir til landsins (1-2 ár) eða eiga í miklum erfiðleikum með að ná tókum á íslensku upp á sérkennslu í íslensku talmáli og lestri í fámennum hópi. Er þá ýmist unnið inni í bekkjarstofu eða afsíðis eftir eðli þjálfunarinnar og einbeitingarfærni nemandans. Pólskir nemendur hafa fengið tíma í pólsku einu sinni í viku í Patreksskóla.

## Sérfræðiþjónusta

Skv. 1. grein grunnskólalaga er sérhvert barn á aldrinum sex til sextán ára skólaskyld og hverju sveitarfélagi er skyld að halda skóla fyrir þau. Skólanum er skyld að haga störfum sínum í samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Sérkennslan er eitt af þeim ráðum sem skólinn hefur til að mæta þörfum þeirra nemenda sem víkja frá því sem algengast er í þroska, getu eða hegðun. Nemandi gæti þurft slíka kennslu til lengri eða skemmri tíma. Sumir þurfa aðeins fáeina tíma, aðrir einhverja tíma á viku í eitt eða fleiri ár og fáeinir þurfa sérkennslu með einstaklingsnámskrá alla sína skólagöngu.

Sérkennsla getur farið fram á ýmsan máta; í einkatímum, í hópi fáeinna nemenda, inni í bekk og jafnvel blanda af þessu öllu. Stefna skólans er að nemendur fylgi sínum bekk eins og kostur er og tilheyrir hópi sinna jafnaldra. Algengast er að foreldrar eða umsjónarkennari eigi frumkvæði að því að barn fái sérkennslu. Sérkennsla er ekki veitt án þess að fyrir liggi samþykki foreldra. Ferli sérkennslunnar er þannig, að fyrst er vandi nemandans greindur, áætlun gerð til einhvers tíma, síðan er unnið eftir henni og að lokum er metið hvernig til hefur tekist og hvort þörf er á áframhaldandi sérkennslu.

Sálfræðingur, sérkennsluráðgjafi og talmeinafræðingur koma í reglulegar heimsóknir í skólann og sinna þeim málum sem tilvísanir koma um. Bæði nemendur, kennarar og foreldrar geta óskað eftir viðtölum hjá þessum sérfræðingum. Einnig er hægt að biðja um símaviðtöl milli heimsókna. Þá er einnig í boði talþjálfun fyrir nemendur í gegnum fjarfundabúnað eða tölvu frá fyrirtækinu Trappa ehf.

## Áhugaverðar slóðir og bækur

**Lesvefurinn** er góður vefur um læsi og lestrarerfiðleika þar sem meðal annars má finna leiðbeiningar til foreldra, kennara og barna: <http://lesvefurinn.hi.is/>

**Barnung** er vefur um barna- og unglingabókmenntir. Vefurinn hefur ekki verið uppfærður nýlega en þrátt fyrir það má á honum finna upplýsingar og umsagnir barna um bækur og fræðsluefni fyrir foreldra og kennara: <http://mennta.hi.is/vefir/barnung/>

Á vef **Upplýsingavers Laugalækjarskóla** má finna bókalista og fleira áhugavert efni: <http://safn.laugalaekjarskoli.is/>

**Bókhlaðan okkar** er námsvefur gefinn út af Námsgagnastofnun. Þar má finna fjölbreytt gagnvirk verkefni úr tíu unglingabókum: <http://www1.nams.is/bokhladan/index.html>

Bókin **Eflum lesskilning** er fræðilegt og hagnýtt rit um lesskilning og lesskilningskennslu. Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir. (2010). *Eflum lesskilning*. Reykjavík: Háskólaprent.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla - almennur hluti 2011 - greinasvið 2013. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir. (2010). *Eflum lesskilning*: Reykjavík: Háskólaprent

Erna Ingibjörg Pálsdóttir. (2011). *Fjölbreyttar leiðir í námsmati*. Reykjavík. IÐNÚ bókaútgáfa.

Freyja Birgisdóttir, Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir. (2008). Lesvefurinn: Heimalestur. <http://lesvefurinn.hi.is/heimalestur>

Freyja Birgisdóttir, Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir. (2008). Lesvefurinn: Skimanir. <http://lesvefurinn.hi.is/node/182>

Póra Björk Jónsdóttir. (2008). *Námsmat með áherslu á leiðsagnarmat* (2.prentun ágúst 2008). Eigin útgáfa.